

## Loftur Helgason fer til Björgvinjar

Atvikalýsing í samhengi við sögu  
stjórnskipunarbreytinga á síðari hluta 13. aldar

Á síðari hluta 13. aldar áttu sér stað einhverjar mestu stjórnskipunarbreytingar sem hafa orðið hérlandis því að þá var innleitt bæði konungsvald og kirkjuvald og sett lög til samræmis við það. Þetta varð samhliða gagngerum breytingum í Noregi og var tekist á um ýmis atriði í aðdraganda þeirra og á þeim tíma sem breytingarnar stóðu yfir. Grundvallarspurningin var hvort kirkju skyldi skipað undir konungsvald eða hvort hún ætti að vera sjálfstæð stofnun innan stjórnskipunarinnar og hafa full yfirráð yfir því sem viðkom kristni, eins og raunin varð að lokum. Af þeirri skipan leiddi að kirkjur og kirknaeignir yrðu færðar úr höndum einkaaðila í umsjón opinberrar stofnunar og börðust veraldlegir höfðingjar, sem héldu slíkar eignir, hart gegn þessu enda voru eignirnar auðlindir og valdauppspretta. Deilurnar snerust einnig um hlut kirkju- og konungsvalds í dómsvaldi yfir málaflokkunum sem deilt var um, því að ljóst var að niðurstöður dóma um álitamál myndu ráða úrslitum. Í þessari grein er fjallað um þennan breytingatíma frá þremur sjónarhólum, en áhersla er lögð á heimildir um leiðangur Lofts Helgasonar ráðsmanns í Skálholti til Björgvinjar veturinn 1282–1283. Þær varpa ljósi á pólitíska upplausn sem þá ríkti og margvíslegar myndir sem baráttan tók á sig. Fyrst er þó rakinn stjórnskipunarlegur aðdragandi að lagabreytingunum sem deilt var um þann vetur. Þar er dregið fram mikilvægi samvinnu konungsvalds og kirkjuvalds í áætlunum um að deila ríkisvaldinu milli stofnananna tveggja. Í öðrum hluta er löggjöfin 1273, 1275 og 1281 í brennidepli og þar er fjallað um sinnaskipti konungsvaldsins þegar Eiríkur Magnússon tók við konungdómi í Noregi árið 1280 og áhrifin sem þau höfðu á lögtöku Jónsbókar árið eftir. Á skjön við stefnu forvera síns um innbyrðis tengsl kirkju- og konungsvalds, hóf Eiríkur að draga taum veraldarhöfðingja gegn kirkjuvaldi og gerði tilraunir til að afnema nýleg lög

sem áttu að tryggja kirkjustofnuninni vald og sjálfstæði og koma í veg fyrir frekari löggjöf þar að lútandi.

Málaferli sem stóðu milli Lofts ráðsmanns og herra Ásgríms Þorsteinssonar voru afleiðing þessarar stefnubreytingar konungsvalds og angi deilnanna þar um. Tilgangur Björgvinjarferðar Lofts var að leita lausnar hjá Eiríki konungi og hafði hann meðferðis bréf frá Árna Þorlákssyni Skálholtsbiskupi sem þeir vonuðu að yrði til þess að konungur úrskurðaði Lofti og kirkjuvaldinu í hag. Í Björgvin kom Loftur að lokuðu hallarhliði og á sama tíma tilkynnti Eiríkur konungur að ógilda skyldi kristinrétt hinn nýja. Loftur skrifaði biskupi sendibréf frá Noregi þar sem hann lýsti niðurlægingu sinni og sagði frá því að erkibiskup hefði verið hrakinn úr landi ásamt norskum biskupum sem ekki hlíttu skipun konungs og að leikmenn hirtu þær eignir sem þessir klerkar höfðu haldið. Loftur tjáði biskupi einnig að Hólabiskup, sem staddur var í Noregi, hefði beygt sig undir vilja konungs. Kirkjan væri stjórnlaus og kirkjulögin væru að engu höfð en hámarki var náð þegar ruðst var inn í höfuðkirkju Björgvinjar til þess að syngja yfir líki eins af leiðtogum andstæðinga kirkjuvaldsins, þeim bannsetta Andrésí Pálssyni. Þetta var kvíðvænlegt fyrir Árna biskup, enda hlaut það sem gerðist í Noregi að vera fyrirboði um það sem koma skyldi hérlendis.

Þessi mál verða nú gaumgæfð með það að markmiði að skerpa skilning á stjórnskipunarbreytingunum á 13. öld, eðli þeirra og framvindu. Ólíkir heimildaflokkar verða nýttir til að greina þær flóknu pólitísku aðstæður sem ríktu einmitt um þær mundir sem Loftur fór reisu sína til Björgvinjar og varpar þá eitt ljósi á annað. Helstu heimildir um lagabreytingarnar sem deilt var um er löggjöfin sjálf ásamt þeim samningum sem henni fylgdu og bréf frá páfa kemir einnig við sögu.<sup>1</sup> Árna saga byskups er hins vegar ein til frásagnar um Björgvinjarferð Lofts.<sup>2</sup> Staða sögunnar er einstök meðal

<sup>1</sup> Skjallegar heimildir og samningar eru að mestu prentaðar í *Diplomatarium Islandicum: Íslenskt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland eða íslenska menn 834–1589* I–XVI, útg. Jón Sigurðsson, Jón Þorkelsson o.fl., Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1857–1972. Tilvitnanir í Fornbréfasafnið eru merktar með skammstöfun titils, DI númeri bindis í rómverskum tölum og blaðsíðutali.

<sup>2</sup> Árna saga hefur verið gefin út nokkrum sinnum og er hér að mestu stuðst við útgáfu Þorleifs Haukssonar. Til þessarar útgáfu er vísað með blaðsíðutali í sviga. Allar tilvitnanir eru færðar til nútímastafsetningar en greinarmerkjasetning er óbreytt. *Árna saga biskups*, Þorleifur Hauksson bjó til prentunar, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar 1972. Sagan er einnig í fornritaútgáfunni: „Árna saga biskups“,

bókmenntaverka vegna þess að í henni eru raktar frásagnir af atburðum og viðburðum sem varðveitast ekki í skjalheimildum. Þess vegna hefur hún verið nauðsynlegur þáttur í túlkun heimilda um stjórnmal í Noregi og á Íslandi viðkomandi tveggja áratuga tímabili, en um leið gefið tækifæri til þess að auka skilning á pólitískri framvindu. Í því samhengi draga sagan af Björgvinjarferð Lofts og frásagnir hans sjálfs í umræddum bréfum fram pólitíska sérstöðu árunna eftir valdatöku Eiríks konungs sem kallaður var prestahatari.

### *I. Guðslög skulu ráða á Íslandi*

Söguvið Árna sögu er Ísland og Noregur á þeim tíma sem Járnsíða, kristinréttur Árna og Jónsbók voru til umræðu og lögtekin á Alþingi. Sagan varpar ljósi á hlutverk Árna, sem var Skálholtsbiskup 1269–1298, í hörðum stjórnmaladeilum sem snerust að miklu leyti um hvernig völdum yrði skipt milli veraldarvalds og kirkjuvalds innan ríkis Noregskonungs. Sagan er talin hafa verið rituð skömmu eftir aldamótin 1300 og er bókmenntaverk þótt hún sé ekki skáldskapur.<sup>3</sup> Frá sjónarhóli sagnfræðinga er um að ræða svokallaða samtíðarheimild því að sagan er skrifuð svo skömmu eftir að atburðirnir sem hún segir frá áttu sér stað að þeir voru mönnum enn í fersku minni og einhverjir höfðu jafnvel sjálfir verið þátttakendur í þeim. Frásögnin af Björgvinjarferð Lofts er hluti þeirrar sögu og að sumu leyti hápunktur hennar vegna þess hve eldfimt pólitíska ástandið var veturinn 1282–1283.

Í Árna sögu er nokkuð lagt upp úr því að tímaröð framvindunnar sé skýr en frásögnin nær þó ekki lengra en til um 1290. Í sögunni er þess vegna ekki sagt frá endalokum deilnanna sem ætla má að hafi staðið fram undir miðja fjórtándu öld. Taka þarf tillit til þess að hún var skrifuð á meðan

---

*Biskupasögur* III, Íslensk fornrit XVII, Guðrún Ása Grímsdóttir annaðist útgáfuna, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1998. Þeim sem ekki leggja sig eftir rannsókn á tungumáli eða afbrigðum handrita má benda á að textinn er auðlæsilegri í Íslendingasagnaútgáfu Haukadalsútgáfunnar frá 1948 því að þar er stafsetning aðgengilegri. *Byskupa sögur* I, *Skálholtsbiskupar*, Guðni Jónsson bjó til prentunar 1948. Endurútgæfið 1981: Prentverk Odds Björnssonar, Offsetmyndir sf. Einnig: *Biskupa sögur* 1, ritstj. Jón Sigurðsson og Guðbrandur Vigfússon, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1858.

<sup>3</sup> Um Árna sögu sem bókmennta- og sagnfræðirit sjá t.d. Haka Antonsson: „Árna saga biskups as Literature and History“, *The Journal of English and Germanic Philology* 116/3/2017, bls 261–285.

viðkomandi deilur, eða eftirhreytur þeirra, voru enn yfirstandandi. Frásögnin er ekki hlutlaus og höfundur breiðir hvergi yfir stuðning sinn við kirkjuna og málstað Árna. Sagan ber þess líka merki að vera skrifuð fyrir fólk sem veit sitt af hverju um samtíma sinn og samferðamenn. Höfundur talar beint við lesandann eins og hann viti hver hann er, birtir sendibréf og vísar til heimilda með aðferð sem ég veit ekki hvort lýsir hógværð góðs kennara eða yfirlæti þess sem veit að hann hefur rétt fyrir sér. Þegar rætt er um niðurstöður af þingum segir til dæmis: „Nú ef nokkurn forvitnar, hvörjir hlutir skipaðir voru á þessu þingi lesi hann statúta þau sem biskuparnir gjörðu“ (70). Frásögnin kallast þannig á við skjallegar heimildir og er að því leyti fræðileg í nútímaskilningi, en átti sérstakt erindi við eigin samtíma.<sup>4</sup>

Þótt fræðimenn hafi fram að þessu lítið fjallað um Björgvinjarferð Lofts hefur margt verið ritað um hin átakamiklu stjórnmal á síðustu áratugum þrettándu aldar. Í norskri sagnfræðihefð er lítið mjög til ríkismyndunarinnar sem þá átti sér stað en íslenskir fræðimenn hafa mest horft til svokallaðra *staðamála hinna síðari* sem hófust þegar Árni kom út til Íslands vígður biskup og hélt fram þeirri stefnu að kirkja skyldi halda kirknaeignir en ekki leikmenn.<sup>5</sup> Fyrirkomulag kirkjuvaldsins í ríkinu er jafnan kjarni fræðiritna um stjórnmal þessa tíma enda var innleiðing sjálfstæðrar kirkjustofnunar umfangsmesti og flóknasti þáttur þeirrar nýju stjórnskipanar sem unnið var að og jafnframt umdeildust á meðan á breytingarferlinu stóð. Á hinn bóginn hefur engin ein söguskýring orðið ofan á um eðli átakanna en fullyrða má að oftast sé gert ráð fyrir að leikmannavald hafi háð varnarbaráttu gegn ágangi kirkjuvalds.

Sjónarmiðið sem ég geng hér út frá er að allt frá fimmta áratug 13. aldarinnar hafi norskir konungar unnið að því að breyta stjórnskipan ríkisins í þá átt að þar færu tvær stofnanir með opinbert vald sem þær deildu bróðurlega á milli sín. Áhersla var lögð á að skapa rými fyrir kirkjustofnun sem færi með sjálfstætt vald yfir málsviði sem bar heitið *andlegir hlutir*. Af því leiddi að vald konungs næði aðeins til *veraldlegra hluta*. Þessi skiln-

<sup>4</sup> Þorleifur Hauksson, „Inngangur“, *Árna saga*, bls. vii.

<sup>5</sup> Magnús Stefánsson skrifaði góða grein um þessi mál í *Sögu Íslands*: Magnús Stefánsson, „Frá goðakirkju til biskupakirkju“, *Saga Íslands* III, þýðandi og ritstjóri Sigurður Línadal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1978 og merka bók um staðamálin: Magnús Stefánsson, *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*, Skrifter 4, Björgvin: Universitetet i Bergen, Historisk institutt, 2000. Ágætis grein er gerð fyrir staðamálum í mjög stuttu máli hjá Einari Laxness, „Staðamál“, *Íslandssaga a–ö*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995.

ingur dregur fram annars konar sögu en ef gert er ráð fyrir varnarbaráttu veraldarvalds gegn ágangi kirkjuvalds, því að samkvæmt mínum skilningi var togstreita milli konungs og kirkju ekki aðalatriði. Fremur var um að ræða samvinnu tveggja stofnana sem vissu að hverju var stefnt en þurftu að semja um hvernig það yrði gert. Í þeirri sögu, sem þessi grein fjallar um, skiptir röð atburða miklu máli.<sup>6</sup> Meginhluta 13. aldar stóð kirkjuvald eitt og óskipt en veraldarvaldið deildist í tvennt, því að hagsmunir höfðingja-valdsins fóru ekki saman við stefnu konungs. Á þessu varð svo skyndileg breyting eftir andlát Magnúsar konungs lagabætis árið 1280 því að þá snerist konungsvaldið tímabundið á sveif með höfðingjum. Það var hin eiginlega orsök ferðalags Lofts Helgasonar til Björgvinjar haustið 1282.

Fram á sjöunda áratug þrettánda aldar hafði Ísland verið konungslaut þjóðveldi þar sem kirkja var vissulega starfrækt, biskupar höfðu nokkurt vald og prestar hlutverk, en löggjöf um kristni var hluti almennrar löggjafar sem gerði hvorki ráð fyrir konungsvaldi né kirkjuvaldi. Í Noregi voru tengsl konungs og kirkju nokkuð skýrari, en löggjöf í landinu var úrelt hvað þetta varðaði því að hún hafði ekki tekið mið af þeim breytingum sem orðið höfðu á sjálfri Rómakirkju á tólftu öld.<sup>7</sup> Ef Íslendingar og Norðmenn vildu áfram vera aðilar að vesturkristni var nauðsynlegt fyrir þá að koma hlutunum svo fyrir að kirkjustofnuninni yrði gert kleift að vinna samkvæmt þeim lögum sem giltu um starf stofnunarinnar. Kirkjunni þurfti því að úthluta sjálfstæðu valdi yfir þeim andlegum eignum sem almennu kirkjulögin sögðu til um. Innleiðing þessarar nýju stofnunar með sjálfstætt vald þýddi, með öðrum orðum, að skilgreina þurfti stjórnskipan beggja landa upp á nýtt og setja ný lög til samræmis þessum nýju aðstæðum. Árna saga fjallar um þessar breytingar og þær deilur sem af þeim hlutust. Í umfjöllun um hana þarf að gera greinarmun á stjórnskipunarlegum þáttum deilnanna og því sem laut að almennri löggjöf, ásamt því að taka tillit til aðstæðna í Noregi annars vegar og á Íslandi hins vegar. Þá má ekki gleymast að pólitíska samhengið teygði sig lengra en vald Noregskonungs, því að niðurstaða gat ekki orðið nema í sátt við Rómakirkju.

<sup>6</sup> Sverre Bagge, „Kirkens jurisdiksjon i kristenrettssaker før 1277“, *Historisk tidskrift* 60/1981, bls. 133–159, hér bls. 143. Um mikilvægi atburðarásar vísar Bagge í rannsóknir Jens Arup Seip, *Settargjerdin i Tunsberg og kirkens jurisdiksjon*. Doktorsritgerð lögð fram við Oslóarháskóla 1942. Bagge segir enn fremur: „Spørsmålet blir om det går an å få et klarere intrykk av kronologien i denne prosessen og hvor langt den var kommet på settargjerdens tid...“, „Kirkens jurisdiksjon“, bls. 136.

<sup>7</sup> Lára Magnúsdóttir, „Icelandic Church Law in the Vernacular 1275–1550“, *Bulletin of Medieval Canon Law*, 23/2015, bls. 127–145, hér bls. 143.

Almennu kirkjulögin, sem höfðu verið samþykkt af keisara árið 1215 (gefin út 1234), gerðu ráð fyrir að kirkja væri stofnun sem hefði sjálfstætt vald yfir andlegum hlutum. Með því hafði hin gamla hugmynd um *frelsi kirkju* verið endanlega staðfest sem lagalegur og pólitískur veruleiki sem vesturkristin ríki urðu að taka afstöðu til hvert um sig. Frelsi kirkju þýddi að veita þyrfti kirkju sjálfstætt löggjafarvald og dómvald innan hvers ríkis um andlega hluti, sem samkvæmt lögnum voru hvaðeina sem viðkom kristni og ástundun trúarbragðanna, þar með talið stofnunin sjálf og embættismenn hennar. Til þess að kirkjan nyti sjálfstæðis gagnvart veraldlegu valdi í hverju ríki var nauðsynlegt að koma því svo fyrir í stjórnskipan og lögum að stofnunin gæti starfað samkvæmt almennu kirkjulögnum. Í pólitísku samhengi var umdeildast að samkvæmt þeim átti kirkja rétt til að skipa eigin embættismenn og ráða öllum málum þeirra, sem og kirkna og eigna sem þeim fylgdu, og hafa dómvald yfir þeim.

Konungar áttu aðeins tveggja kosta völ; að gangast inn á svipaðan samning við stofnunina og keisari hafði gert, eða teljast að öðrum kosti aðhyllast villutrú og yrðu ríki þeirra þá ekki aðilar að vestrænni kristni. Vegna þess að málefni kristni og kirkju höfðu í raun verið í höndum leikmanna þurfti samningur um rétt kirkju að bera í sér að leikmenn afsöluðu sér öllum kröfum til valds yfir andlegum hlutum. Slíkur samningur fól í sér viðurkenningu á gildi almennu kirkjulaganna innanlands og því að páfi réði kirkjustofnuninni, klerkum hennar og eignum. Þetta yrði ekki gert án þess að stokka upp skipan valds með tilheyrandi lagabreytingum. Með Magna Carta höfðu aðalsmenn á Englandi þegar árið 1215 náð að mynda mótvægi við konungsvald því að samkvæmt þeim samningi urðu sumar ákvarðanir konungs háðar samþykki aðalsmannanna. Stefna Noregskonunga var hins vegar að valdið skiptist einvörðungu milli konungs og kirkju sem myndi leiða til rýrnunar á höfðingjavaldi og því er ljóst að í þessum málum fóru hagsmunir konungs og höfðingja ekki að öllu leyti saman.

Í Noregi hefst formleg saga aðlögunar ríkisins að nýjum kirkjulögum með heimsókn eins helsta sendimanns páfa, Vilhjálms kardínála, til landsins árið 1247 þar sem hann krýndi konung að viðstöddu fjölmenni. Þarna voru tekin fyrstu skrefin að samningum um sjálfstæði kirkju í ríkinu eins og sést í skipan sem kardínálinn sendi frá sér í kjölfar samninganna.<sup>8</sup> Í þessum

<sup>8</sup> Skipan Vilhjálms kardínála (*Privilegium Wilhelmi Sabinensis*), prentuð á latínu og í norrænni útlekkingu: DII 546–574. Latínubýðing á texta skipunar Vilhjálms kardínála frá 1247 bendir til þess að frelsi kirkju hafi nánast verið skilið sem samheiti við andlega hluti. *Pacifíca libertate jurisdictionis omnium causarum spiritualium*, DI I

samningum viðurkenndi konungur réttindi klerkastéttarinnar samkvæmt kirkjulögum, *privilegium fori*.<sup>9</sup> Er hugtakið andleg málefni þar fyrst notað formlega sem andstæða veraldlegra hluta í norrænum lagatexta: „Hefði [...] nokkur leikmaður að kæra *andalegt málefni* þá skyldi hann kæra fyrir biskupi hans. En hver sem hefði *veraldlegt málefni*, hvort sem hann væri heldur prestur eður leikmaður, þá skyldi hann kæra fyrir kóngi ellegar fyrir þeim dómara sem kóngur hefir til skipað að gera rétt manna í millum.“<sup>10</sup> Konungur hafði samþykkt fyrir sitt leyti að kirkja skyldi hafa sjálfstætt dómsvald yfir andlegum hlutum, en á þessu stigi málsins virðist það vald ekki hafa náð yfir öll málefni klerka, því að sækja mátti þá fyrir dómstólum konungs ef málefnið taldist veraldlegt.

Fram kemur í Hákonar sögu að Vilhjálmur kardínáli hafi í Noregsheimsókn sinni lýst furðu sinni á því að Ísland „þjónaði ekki undir einhvern konung sem öll önnur í veröldinni“.<sup>11</sup> Þessi ummæli tel ég að megi skilja sem svo að Íslendingar hafi sóst eftir sambærilegum samningum við yfirvöld í Róm, en verið hafnað af því að samningsaðili kirkju hlaut að vera konungur. Þetta dró dilk á eftir sér hér og aðeins sex árum eftir að Norðmenn lofuðu kirkju frelsi þar í landi, eða árið 1253, samþykkti Alþingi Íslendinga „að þar sem á greindi Guðs lög og lands lög þá skulu Guðs lög ráða“.<sup>12</sup>

Alþingissamþykktin var íslensk hliðstæða samnings Noregskonungs við kardínála. Hún fól í sér loforð um nýjar undirstöður löggjafar og fyrirætlun um breytingar á lögum landsins til samræmis við almennu kirkjulögin. Með henni var ekki átt við að lög á Íslandi þyrftu öll að vera til samræmis

547, er þýtt sem „vera í fullum náðum og öllum og allt sitt frelsi hafa í öllum þeim hlutum sem henni ber til að hafa“, DI I 549.

<sup>9</sup> Sverre Bagge, „Kirkens jurisdiksjon i kristenrettssaker“, bls. 149.

<sup>10</sup> DI I 550, skáletrun mín. Um aðild konungs og leikmanna að skipan kardínála sjá Láru Magnúsardóttur, *Bannfering og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550: Lög og rannsóknarforsendur*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007, bls. 339 o.áfr.

<sup>11</sup> *Hákonar saga Hákonarsonar etter Stb. 8 fol., AM VII 4to og AM 304 4to*, Norrøne texter 2, Marina Mundt gaf út, Osló: Norsk historisk kjeldeskrift-institutt, 1977, bls. 144.

<sup>12</sup> Samþykktin frá 1253 er prentuð í Fornbréfasafni, DI II 1. Heimild fyrir samþykktinni er 16. kapítuli kristinréttar Árna Þorlákssonar frá 1275 sem hér er notaður eins og hann er settur fram hjá Magnúsi Lyngdal Magnússyni: „Kristinréttur Árna frá 1275. Athugun á efni og varðveizlu í miðaldahandritum“, Magnús Lyngdal Magnússon bjó til útgáfu, ritgerð til M.A.-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2002. Hann hefur verið gefinn út með nútímastafsetningu, en þar eru kapítulanúmer önnur: *Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar*, útg. Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson, Reykjavík: Sögufélag, 2005.

við Kristinna laga þátt Grágásar, sem þá var gildandi löggjöf um kristni og kirkju, heldur að löggjöf landsins skyldi skapa kirkju frelsi á Íslandi upp að því marki að stofnunin gæti starfað óhindrað. Í raun lýstu Íslendingar sig fúsa til að gangast undir lög og yfirvald Rómakirkjunnar og að gera þær breytingar á lögum sem til þurfti svo kirkja yrði að óháðri valdastofnun innanlands.<sup>13</sup>

Ákvörðun Íslendinga um að ganga Noregskonungi á hönd 1262–1264 fól ljóslega í sér afnám goða- eða höfðingjaveldisins og tilkomu valdastofnunar sem ekki hafði verið fyrir hendi áður í landinu.<sup>14</sup> Staðan var þá orðin sú að fyrir lágu lögbundnar skuldbindingar Íslendinga gagnvart kirkjustofnuninni og konungi. Þetta kallaði á fulla endurskoðun löggjafarinnar því augljóst er að Grágás stóð hvergi undir þessum fyrirætlunum. Eins og Sigurður Líndal hefur bent á var hið forna réttarfar „talið úrelt, bæði dómstólaskipan og málsmeðferð, enda nýjar hugmyndir óðum að ryðja sér til rúms“.<sup>15</sup>

Endurskoðun laga var jafnnaðsynleg fyrir Noreg og Ísland. Ljóst var að ef valdi og verkefnum ríkisins yrði deilt milli andlegra og veraldlegra valdhafa myndi ríkið ekki aðeins styrkjast á alþjóðavettvangi, heldur einnig völd konungs innanlands. Undirbúningur fyrir gagngera uppstokkun á stjórnskipun og öllu réttarhari í Noregi hafði hafist þegar á árunum 1250–1252 þegar breytingar voru gerðar á kristinrétti en þær hljóta að hafa tengst niðurstöðum heimsóknar kardínálans árið 1247.<sup>16</sup> Eftir að Íslendingar höfðu gengist Noregskonungi á hönd á árunum 1262–1264 urðu þeir aðilar að þessari markvissu endurskoðun laga í norska ríkinu.<sup>17</sup>

<sup>13</sup> Í bók Láru Magnúsardóttur *Bannferingu* er alþingissamþykktin 1253 rædd í samhengi við sættargerðir bls. 348–351.

<sup>14</sup> Ólafur Lárusson, „Stjórnskipun og lög lýðveldisins íslenska“, *Lög og saga*, Reykjavík: Lögfræðingafélag Íslands, 1958, bls. 73. Ólafur tengdi ákvörðun Íslendinga um stjórnskipunarbreytingarnar beint við Noregsheimsókn Vilhjálms kardínála 1247, sama rit bls. 55.

<sup>15</sup> Sigurður Líndal, „Hvers vegna var Staðarhólsbók skrifuð?“, *Tímarit lögfræðinga* 48/4/1998, bls. 279–302, hér bls. 297. Grágásarlögin eru reyndar ekki til í handritum sem eru yngri en frá síðari hluta 13. aldar og margir hafa orðið til að spyrja hvers vegna lög voru skrifuð niður sem voru um það bil að falla úr gildi. Niðurstæða Sigurðar Líndal er sú „að verkið hafi verið þáttur í undirbúningi þeirrar endurskoðunar löggjafarinnar sem hafin var“, bls. 298.

<sup>16</sup> Anna Irene Riisøy og Björg Dale Spørch, „Dateringen av nyere Borgartings kristenretter“, *Collegium Medievale* 12/1999, bls. 57–74, hér bls. 67–69.

<sup>17</sup> Sigurður Líndal, „Hvers vegna var Staðarhólsbók skrifuð?“, bls. 291–292. Heimildir um þessi mál, aðdraganda þeirra og eftirmála eru fjölmargar aðrar en Árna saga, t.d. frásagnir Sturlungasögu, skipanir kirkjuhöfðingja, þýddar kirkjulagagreinar, konungsbréf og annálar. Hið sama gildir um fræðirit sem skrifuð hafa verið um þau,



Hákon gamli lést árið 1263 og tók Magnús sonur hans þá við krúnunni. Hann fékk viðurnefnið lagabætur vegna umsvifa sinna í löggjafarstarfinu sem hann tók við af föður sínum. Stuttu síðar urðu einnig kynslóðaskipti hjá kirkjunni í Noregi og á Íslandi. Árið 1267 varð Jón rauði erkibiskupur í Niðarósi og tveimur árum síðar tók Árni Þorláksson við embætti Skálholtsbiskups. Árni sat til ársins 1298 og var í veigamiklu hlutverki í atburðarásinni um löggjafarmálin sem rakin er í Árna sögu. Fram til ársins 1280 sinntu Jón rauði og Árni endurskoðun og endurritun laganna ásamt Magnúsi lagabæti (var Árni raunar eini lýðbiskupinn sem tók beinan þátt í þessu löggjafarátaki). Hafði hver um sig það verkefni að semja lög fyrir sinn vettvang en leita jafnframt jafnvægis því að markmiðið var að koma á tvíarma ríkisvaldi þar sem konungur hefði veraldlegt vald yfir veraldlegum hlutum en biskupar andlegt vald yfir andlegum hlutum.<sup>18</sup> Síðast en ekki síst þurfti að fá lögin samþykkt og því var mikilvægt að löggjöfin tæki tillit til sjónarmiða höfðingja.

Samningur um undirstöður ríkisins hlaut vitanlega að fela í sér mála- miðlanir og aðlögun að öðrum lögum sem giltu í Noregi og á Íslandi. Þar stóð hnífurinn í kúnni, því að nýja fyrirkomulagið hlaut að skerða hagsmuni veraldlegra forystumanna og gera þá þar með að andstæðingum kirkjuvalds. Markmið þeirra var þó ekki að hnekkja kirkju og kristni, heldur að koma í veg fyrir að þeir glötuðu því valdi sem þeir höfðu haft yfir ákveðnum málaflokkum kirkjunnar og þá ekki síst eignum. Deilurnar um kirknaeignir hér á landi frá 1269 til 1297 ganga undir heitinu *staðamál hin síðari*. Grundvöllur þeirra var að héraendis höfðu leikmenn haft yfirráð yfir kirkjum og eignum sem þeim tilheyrðu og haft af þeim allan ávinning en nú var stefnt að því að *kirknaeignir* yrðu sérstakur málaflokkur undir andlegu málasviði kirkju.<sup>19</sup>

að allt of langt mál er að telja það allt upp í þessari grein. Þar má einnig benda á grein með broti úr annál eftir Guðrúnu Ásu Grímsdóttur, „Brot úr fornum annál“, *Gripla X/1998*, bls. 35–48.

<sup>18</sup> Um innleiðingu á tvískiptu stjórnkerfi á Íslandi, sjá Láru Magnúsardóttur *Bannfering*; Magnús Lyngdal Magnússon, „Inngangur“, „Kristinréttur Árna frá 1275. Athugun á efni og varðveizlu í miðaldahandritum“, bls. 49; Gunnar E. Guðmundsson gengur út frá tvíarma stjórnkerfi á síðmiðöldum í bók sinni *Íslenskt samfélag og Rómakirkja: Kristni á Íslandi II*, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000. Sjá einnig Guðrúnu Ásu Grímsdóttur: „Formáli I“ (að Árna sögu biskups), *Biskupasögur III*, Íslenzk fornrit XVII, Guðrún Ása Grímsdóttir gaf út, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1998, bls. xxx; Magnús Stefánsson, „Frá goðakirkju til biskupakirkju“, bls. 121.

<sup>19</sup> DI II 54 og DI II 150.

Fram að þessu höfðu kirkjur verið reistar af efnamönnum sem færðu þær dýrlingum að gjöf ásamt jarðeignum. Þá voru jafnan settir skilmálar um að rekstur kirkjunnar og meðfylgjandi jarða yrði í höndum gefanda, ásamt hlunnindum sem jörðunum fylgdu. Rétturinn til að halda kirkju erfðist svo til afkomenda. Kirkjur voru því ekki formlega í veraldlegri eign þótt umsjónarmenn væru leikmenn og fyrirætlanir kirkjustofnunarinnar um að taka kirknaeignir yfir fólu af þeim sökum ekki í sér kröfu um eignarnám. Einkakirkjur þessar höfðu verið starfræktar innan ramma laga og eftirlits biskupsstóla enda sögðu lögin til um upphald presta, kirkjuhald og viðhald kirkna.<sup>20</sup> Tíund stóð að hluta undir kostnaði við kirkjustarf, en kirknaeignirnar sjálfar voru hins vegar undanþegnar tíund. Því var það að byggja kirkju og gefa henni land aðferð til þess að komast hjá tíundargreiðslum, en auka um leið þá fjármuni sem runnu um hendur umsjónarmanna, því að tíundar annarra var aflað á vettvangi hverrar sóknar. Auk þessa var fjármunum deilt til fátækra í gegnum þetta kerfi og eignirnar sköpuðu umsjónarmönnum sínum mikinn auð.

Um leið og Árni biskup tók við embætti árið 1269 setti hann fram kröfur um að svokallaðar kirknaeignir yrðu færðar undir yfirráð kirkju og er þar upphaf staðamála hinna síðari, enda ekki að undra að andstaða hafi verið sterk meðal íslenskra höfðingja. Með tilkomu kristinréttar Árna 1275 var svo lögfest krafan að kirkjan sem stofnun skyldi halda allar andlegar eignir og fara með rekstur þeirra að öllu leyti ásamt því að hafa dómsvald yfir málefnum þeim tengdum. Staðmálin leystust ekki við það, eins og rætt verður frekar hér á eftir, en með kristinréttinum tók einnig gildi heimild biskupa til að beita bannfæringu, meðal annars á þá sem urðu sekir um að halda kirknaeignir í óþökk stofnunarinnar. Það er ein af ástæðum þess að deilur um eignir, stjórnskipan og dómsvald voru samanfléttaðar.

### *Stjórnskipan ákveðin og lög lögð fyrir þing*

Í Árna sögu er haft eftir Magnúsi lagabæti að stærstur vandi í stjórn ríkisins sé að ná niðurstöðu um valddreifingu kirkjuvalds og leikmannavalds:

Má vera yður þyki sem ég hafi litlar mæður eður vanda í mínu ríki, en mér þykir margar vera og miklar. En þó að mikill og margur

<sup>20</sup> Lögin voru í Kristinna laga þætti Grágásar en á þeim höfðu þó verið gerðar ýmsar breytingar frá tólftu öld, sbr. Helga Skúla Kjartansson, „Thin on the Ground: Legal Evidence of the Availability of Priests in 12th Century Iceland“, *Church Centres in Iceland from the 11th to the 13th Century and their Parallels in other Countries*, Snorrastofa, Rit II, ritstj. Helgi Þorláksson, Reykholt: Snorrastofa, 2005, bls. 95–102.

vandi sé að stýra með hófsemd miklu ríki, þá lýst mér sá hæðstur að tempru dómagreinir, á milli lærdómsins og leikmanna, svo ei verði stór missmiður á. (86)

Það fer ekki milli mála að mikið starf hafði verið unnið af konungs hálfu í að finna leiðir til þess að koma á fyrirkomulagi sem allir aðilar gætu fellt sig við.

Árið 1272 höfðu kóngur og erkibiskup samið um hvað skyldi teljast til kirkjusekta, sem var hluti af undirbúningsvinnu um samning um dómsvald kirkju.<sup>21</sup> Ári síðar lögðu Rómakirkja og konungur grunn að sættargerðinni (*concordat*) í Björgvin 1273 um aðgreiningu andlegs og veraldlegs valds í ríkinu sem var ætlað að koma í stað sambærilegrar aldargamallar sættargerðar.<sup>22</sup> Sættargerðin í Björgvin var yfirfarin af páfa<sup>23</sup> sem og heima-mönnum. Ýmsar athugasemdir komu fram en fjórum árum síðar lá hún fyrir í endanlegri útgáfu með tiltölulega fáum, en þó markverðum breytingum.<sup>24</sup> Er lokaútgáfan kennd við Túnsberg og ártalið 1277.<sup>25</sup>

Sættargerðin í Túnsbergi frá 1277 var endanlegur samningur milli konungs og almennu kirkjunnar um grundvallarþætti valds og eiginleg

<sup>21</sup> DI II 94.

<sup>22</sup> Sættargerðin í Björgvin 1273: DI II 100–106. Gamla sættargerðin frá 12. öld er í DI I 223. Algengast er að hún sé heimfærð á árið 1164. Í íslenska fornbréfasafninu er hún árssett til 1174 með fyrirvara en í *Regesta Norvegica* er tímasetningin miðuð við valdatíma erkibiskupsins sem að henni stóð, eða 1163–1172. *Regesta Norvegica* I, ritstj. Erik Gunnes, Osló: Norsk historisk kjeldeskrift-institutt/riksarkivet, 1978. Upphafleg útgáfa: Gustav Storm 1898. Nánar um sættargerðina frá 1164 sjá t.d. Peter Landau, „The Importance of Classical Canon Law in Scandinavia in the 12th and 13th Centuries“, *How Nordic are the Nordic Medieval Laws? Medieval Legal History* I, ritstj. Ditlev Tamm og Helle Vogt, Kaupmannahöfn: Djøf Publishing, 2005, bls. 24–39, hér bls. 26, 28–31 og 30.

<sup>23</sup> Beiðni konungs um staðfestingu páfa DI II 107; staðfesting páfa: DI II 120–123.

<sup>24</sup> Jens Arup Seip, *Sættargjerdin i Tunsberg og kirkens juridiksjon*, bls. 104; Lára Magnúsardóttir, *Bannfering* bls. 331.

<sup>25</sup> Sættargerðin í Túnsbergi: DI II 139–155 (íslenski textinn frá bls. 147). Um sættargerðina, sem var upphaflega rituð á latínu en þýdd á norrænu, hefur margt verið ritað og ég geri að miklu leyti grein fyrir því ásamt afstöðu minnar til hennar í bók Láru Magnúsardóttur *Bannfering*, sjá t.d. bls. 320–361, sjá einnig atriðisorðaskrá bls. 521. Aðrar rannsóknir á sættargerðinni eru t.d. Jens Arup Seip, *Sættargjerdin i Tunsberg og kirkens juridiksjon*; Sverre Bagge, „Kirkens juridiksjon i kristenrettssaker før 1277“; Jørn Øyrehagen Sunde, *Speculum legale – rettspeglern: Ein introduksjon til den norske rettskulturen si historie i eit europeisk perspektiv*, Björgvin: Fagbokforlag, 2005 og Eldbjørg Haug, „Concordats, Statute and Conflict in Árna saga biskups“, *Collegium Medievale* 28/2015, bls. 70–104.

stjórnskipunarlög, sem var nýmæli. Með henni afsalaði konungur sér réttinum til að hafa afskipti af andlegum hlutum og kirkju sem fékk yfir þeim fullt vald:

En herra konungurinn gaf upp fyri sig og sína erfingja og eftirkomandi eilíflega allt vald og tilkall, ef hann hefur nökkurt haft hér til að heyra eða prófa eða úrskurð veita þeirra mála sem heyra til kirkjunnar, fyrir bjóðandi fastlega öllum sýslumönnum og lögmönnum konunganna, svo nær sem fjarri, svo verendum sem tilkomendum, um allt ríkið að þeir dirfist eigi þess að dæma um þessi mál, né hluti sig nokkurs kyns í þau af fyrnsku nokkurrar venju er konungarnir hafa haft, eða sýnist haft hafa fyrr meir, heldur skulu þesskyns mál af kirkjunnar dómara frjálslega skipast og skýrast ...<sup>26</sup>

Á móti gerði kirkja ekki valdacröfur fram yfir það sem stóð í sættargerðinni og samræmdist skilningi almennu kirkjulaganna á því hvaða hlutir teldust andlegir. Sættargerðin var stjórnskipunarlegs eðlis og frekari löggjöf kallaðist þess vegna á við hana. Þeir hlutir sem kirkju tilheyrðu eftir þetta voru betur skilgreindir en áður og töldu nú bæði kirknaeignir og klerkastéttina. Það þýddi að ef klerkur kom við sögu í dómsmáli, þá taldist það andlegt og það átti einnig við ef um var að ræða ágreining um eignir sem guði eða dýrlingum höfðu verið færðar að gjöf.<sup>27</sup>

Um það leyti sem sættargerðin var sett saman í Björgvin sendi konungur lögbók til Íslands sem kölluð hefur verið Járnsíða. Hún var lögð fram á Alþingi fyrir hönd konungs árið 1271 og samþykkt að hluta 1272 og lögleidd árið 1273.<sup>28</sup> Þessi lögbók fjallaði aðeins um þá hluti sem heyrðu undir veraldarvald samkvæmt skilgreiningum sættargerðarinnar og til samræmis við það var biskup skipaður valdsmaður yfir andlegum hlutum í Járnsíðu. Þar var honum var stillt upp sem jafningja konungs sem réði veraldlegum hlutum:

Eru þessir tveir, annar konungur en annar byskup. Hefir konungur af guði veraldlegt vald til veraldlegra hluta, en byskup andlegt vald til andlegra hluta og á hvárr þeirra að styrkja annars vald til réttra

<sup>26</sup> DI II 150.

<sup>27</sup> Upptalning á þeim málefnum sem kirkja hafði dómvald yfir skv. sættargerðinni 1277 er í Lára Magnúsardóttir, *Bannfering* bls. 353.

<sup>28</sup> Sjá t.d. Sigurð Línal, „Hvers vegna var Staðarhólsbók skrifuð?“, bls. 288.

hluta og löglegra og kennast við sig að þeir hafa vald og yfirboð af sjálfum guði en eigi af sér [...]”<sup>29</sup>

Alþingi samþykkti sumt en gerði ýmsar athugasemdir við Járnsíðu sem var send aftur til konungs til frekari skoðunar. Athugasemdirnar snerust þó ekki um stöðu kirkjunnar og árið eftir setti Magnús ein landslög fyrir Noreg sem náðu aðeins til veraldlegra hluta og veraldlegs valds með sömu rökum og segir í ofangreindum Járnsíðukapítula.<sup>30</sup> Auðsætt er að Magnús konungur lagabætir felldi sig við sjálfstætt kirkjuvald og vann að sínum málum samkvæmt þeirri skipan sem skildi milli andlegs og veraldlegs valds.

Árið 1275 lagði Árni biskup fram kristinrétt sinn fyrir Alþingi Íslendinga þar sem hann var lögtekinn. Þar er aðeins fjallað um andlega hluti og þótt kristinréttur væri í fullu samræmi við lög almennu kirkjunnar tók útfærsla laganna einnig mið af þeim lögum sem konungur vann að fyrir veraldlega sviðið, enda var markmiðið heildstæð löggjöf fyrir ríkið. Í stjórnskipunarlegu samhengi voru stærstu nýmæli hins nýja kristinréttar þau að þar er gert ráð fyrir kirkju sem sjálfstæðri valdastofnun sem færi með opinbert vald, réði embættismönnum sínum að fullu og hefði eigin dómstóla.<sup>31</sup> Þar með hafði skipan sættargerðarinnar í Björgvin frá 1273 verið innleidd héraendis og varð sættargerðin í Túnsberg 1277 því aðeins til staðfestingar. Með kristinréttinum var einnig lögfest það sem mestur styr hafði staðið um, að stofnunin skyldi ráða kirknaeignum. Jafnhliða var staðfest vald kirkju til þess að dæma um kirknaeignirnar sem hún skyldi halda og bannsetja hvern þann sem skirrðist við að skila þeim. Bannfæringin leiddi af sér

<sup>29</sup> Hér er notast við útgáfu Sögufélags á Járnsíðu með nútímastafsetningu: *Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar*, bls. 69.

<sup>30</sup> Kristindómsbálkur norsku landslaganna: *Norges gamle Love indtil 1387: Ifølge offentlig Foranstaltning og tillige med Understøttelse af det Kongelige Norske Videnskabers Selskab*. Bindi 2, *Lovgivningen under Kong Magnus Haakonssøns Regjeringstid fra 1263 til 1280, tilligemed et Supplement til første Bind*, ritstj. R. Keyser og P. A. Munch, Kristjanía: Det Kongelige Norske Videnskabers Selskab, 1848, bls. 23. Tilvitnanir í Norges gamle love eru merktar með skammstöfun titils, Ngl, númeri bindis í arabískum tölustöfum og blaðsíðutali. Sjá einnig Prologus landslaga Magnúsar konungs 1274, Ngl. 2, bls. 8. Í Noregi deildust veraldlegu lögin frekar niður, því að samhliða landslögum voru þar einnig sett lög um kaupstaði og bæi og þá sem þar bjuggu (*bylova*). Einhvern tímann á þessum áratug, varla síðar en 1273, setti konungurinn einnig saman Hirðskrá þar sem sambandi konungs og þegna hans var lýst og á henni byggðust titlar og sérrettindi embættismanna og aðalsins, Ngl. 2, bls. 387–450.

<sup>31</sup> Lára Magnúsardóttir, „Icelandic Church Law in the Vernacular“, bls. 142.

mikinn réttindamissi og því neyddi kristinréttur Árna höfðingja sem héldu kirkjur í raun til að láta þær af hendi.

Árið 1280 lagði Jón erkibiskup fram sinn kristinrétt fyrir Noreg og kallaði saman fyrsta biskupaþing Niðaróserkibiskupsumdæmis sem Árni biskup sótti. Þingið markaði upphaf starfsemi hinnar nýju sjálfstæðu kirkjustofnunar í umdæmi erkibiskups undir valdi páfa og þar voru settar niður greinar sem lýstu starfsskyldum embættismanna hennar með vísan til sættargerðarinnar í Túnsbergi 1277.<sup>32</sup> Lögð var áhersla á mismunandi skyldur klerka og handhafa veraldarvalds og var hvorum um sig bannað að fara inn á svið hinna.

Þetta ár lágu fyrir öll atriði hinnar nýju stjórnskipunar og hluti löggjafarinnar og svo virtist sem takmarkið væri að nást þegar Magnús konungur andaðist skyndilega. Höfðingjar, sem sátu í ríkisráði, sáu sér þá leik á borði og hófu þegar tilraunir til að snúa þróuninni við. Til þess var aflað liðsinnis nýja konungsins, Eiríks Magnússonar, sem fékk síðar viðurnefnið prestahatari. Hann var aðeins tólf ára að aldri þegar hann tók við embætti af föður sínum og sór þá eið að því að halda rétti kirkjunnar.<sup>33</sup> Ríkisráðið sá nú fram á að unnt væri sameina veraldarvaldið gegn kirkjuvaldi og endurheimta stöðu og eignir höfðingja og náðu höfðingjarnir fljótt eyrum hins unga valdhafa. Brýnast þótti að koma í veg fyrir að norskri kristinrétturinn öðlaðist gildi og eins og fram kemur í Árna sögu var einnig lagt kapp á að hindra að endurskoðun Járnsíðu yrði kirkjuvaldi í hag (sjá t.d. 85–87) og að ógilda nýja kristinréttinn á Íslandi.

Þegar Magnús lést 1280 var Árni Skálholtsbiskup staddur í Björgvin og skapaðist þegar ólga í Noregi vegna stefnubreytingar Eiríks konungs. Pólítíska sviðið snerist á hvolf og var fráfall Magnúsar því „skaði“ sem var sameiginlegur Árna biskupi og „allri Noregs kristni“ eftir því sem segir í Árna sögu (68). Sökum hins mikla vinskapar þeirra Árna og Magnúsar óttadist Jón rauði erkibiskup fyrst um sinn að Árni myndi einnig fylgja nýjum konungi að málum, en sú tortryggni reyndist ástæðulaus þótt stefnubreytingin hefði fljótt áhrif á Íslandi. Í Árna sögu segir um þetta atriði: „Laust þessi hvass hvirfilvindur, fyrst hjörtu þeirra manna sem Noreg byggðu, og knúði þar kappsamlega kirkjunnar formenn, en dreifðust síðan til vors útskaga“ (87).

<sup>32</sup> Meginheimild um þetta þing er „Statúta Jóns erkibiskups og annarra biskupa“, sem er þekkt undir heitinu „Skipan Jóns rauða“. DI II 174–185 o.áfr. Frá þinginu er einnig sagt í Árna sögu, bls. 70.

<sup>33</sup> Um embættiseið Eiríks konungs, DI II 190–191.

## II. Um lögtöku Jónsbókar og eftirmál þess

Til þess að skilja söguna af ferð Lofts Helgasonar til Noregs árið 1282 þarf að greina hana nákvæmlega innan átakanna sem urðu eftir að Eiríkur hafði tekið við völdum. Magnús konungur hafði sent Járnsíðu til Íslands og fengið hana aftur til endurskoðunar 1273 og haustið 1280 kom út til Íslands Loðinn leppur, erindreki Eiríks konungs, með lögbók sem hefur gengið undir heitinu Jónsbók.<sup>34</sup> Loðinn ferðaðist um landið veturinn 1280 til 1281 með boðskap nýja konungsins ásamt Jóni Einarssyni, þeim sem Jónsbók er kennd við, en hann var lögmaður, lendur maður og embættismaður konungs. Jónsbók var lögð fram á næsta þingi, sumarið 1281 og lögtekin.

Jónsbók var endurskoðuð útgáfa af Járnsíðu en í sjálfu sér ekki ný lögbók. Rétt leið til að ná fram lagabreytingum var að konungur legði fram tillögu sem Alþingi tæki til skoðunar og sendi aftur með athugasemdum sem konungur tæki til skoðunar. Að því búnu fengi Alþingi lögin aftur til umfjöllunar og sendi viðbrögð til konungs og voru engin lagaleg takmörk á því hve oft lögin yrðu send á milli aðila. Var þetta sama aðferð og þegar sættargerðin var í undirbúningi og þegar samningar náðust milli Norðmanna og Vilhjálms kardínála 1247. Ástæða þess að átta ár tók að yfirfara lögin tel ég að liggi í því að samningarnir voru flóknir og pólitískur þrýstingur mikill.<sup>35</sup> Fræðimenn gera stundum ráð fyrir að Jónsbók hafi endurspeglad vilja Magnúsar konungs en Árna saga tekur af allan vafa um að Loðinn leppur var erindreki Eiríks konungs og fulltrúi hans stefnu: „Það sama sumar kom út Loðinn leppur í Vestmanneyjar með boðskap hins unga kóngs“ (71).<sup>36</sup> Öfugt við Járnsíðu, sem náði aðeins til veraldlegra

<sup>34</sup> Jónsbók hefur margoft verið gefin út en þar sem er vísað til hennar hér er notuð þessi útgáfa: *Jónsbók. Lögbók Íslendinga [Hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578]*, Már Jónsson tók saman, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.

<sup>35</sup> Sigurður Línal hefur giskað á að strjálbýli landsins skýri hve langan tíma tók að yfirfara Járnsíðu, en bent jafnframt á að erfitt sé að finna þeirri lífseigu söguskoðun stað í heimildunum að Íslendingar hafi tekið Járnsíðu illa. „Hvers vegna var Staðarhólsbók skrifuð?“, bls. 289.

<sup>36</sup> Þessarar hefðar sér til dæmis stað þar sem Magnús Lyngdal Magnússon gerir ráð fyrir því að Jónsbók hafi endurspeglad áform Magnúsar konungs og þar með ágreining milli þeirra Árna biskups. Magnús segir: „Samkomulag eða sátt í málinu náðist ekki fyrir dauða Magnúsar lagabætis árið 1280. Þá hafði hann lokið við að láta semja nýja lögbók fyrir Íslendinga, Jónsbók, sem Jón Einarsson og Loðinn leppur sigldu með út sama ár.“ Magnús Lyngdal Magnússon, „Inngangur“, bls. 59. Þessa sýn má rekja að minnsta kosti aftur til Árbókar Espólíns þar sem segir um komu Loðins og Jóns Einarssonar: „Þeir fóru með lögbók Magnúsar konungs

mála, bendir flest til að í Jónsbók hafi verið gert ráð fyrir að leikmenn færu með yfirráð yfir ýmsum andlegum málefnum og skarst því í odda milli Árna biskups og Eiríks konungs.

Pegar Jónsbók var lögð fyrir Alþingi sumarið 1281 hlaut margt sem í henni stóð dræmar viðtökur. Árni biskup lagði fram andmæli í mörgum greinum sem hann taldi andstæðar því sem áður hefði samist um. Kjarni máls hans var að halda ætti í það sem Magnús konungur hafði samþykkt og vitnaði Árni þar til lögréttusamþykktarinnar frá 1253 og sættargerðarinnar sem gerð var á meðan Magnús lifði (78 og 80). Á þinginu las Árni upp bréf erkibiskups í Niðarósi frá biskupaþinginu sumarið 1280 sem getið var um að framan, þar sem stóð að bannað væri að lögleiða margt af því sem gert var ráð fyrir í Jónsbók. Þá skýrði Árni bannfæringu, ekki síst hvernig hún félli af sjálfu sér á þá menn sem brytu á frelsi kirkju, en það átti meðal annars við um þá leikmenn sem afhentu kirkju ekki kirknaeignir (79).<sup>37</sup>

Breytingar á dómssvaldi ollu talsverðum urg og óánægjan var ekki einvörðungu af hálfu kirkjunnar á þinginu því að í Árna sögu segir einnig að „múgurinn“ hafi gert athugasemdir við hversu mörg ákvæði voru um refsiverð brot þegar saman voru taldar lögbækur kirkju (bannfæring) og konungs (óbótamál) (79). Ákvæði kirkjulaga um bannsetningu og útleigðarákvæði í lögum konungs voru refsing hins opinbera fyrir glæpi sem lögin gerðu ekki ráð fyrir að hægt væri að bæta fyrir – það voru *óbótamál*. Andmæli múgsins þarf að túlka í ljósi þess að í kristinréttinum og Jónsbók, eins og raunar Járnsíðu, var gert ráð fyrir að stofnanirnar hefðu dóms- og refsivald sem ekki hafði verið í landinu áður. Stofnanirnar tvær deildu hins vegar um framkvæmdina, því ef kirkja gat bannfært þá sem stóðu á móti henni, vildi konungsvaldið einnig gera þá útlæga sem stóðu gegn því. Að auki deildu konungur og kirkja um það hvernig deila skyldi milli þeirra því sektarfé sem kæmi til vegna kristinréttarbrotu.

Eitt helsta einkenni nýju stjórnskipunarinnar var tilkoma ríkisvalds og opinbers réttar, en fram að því hafði ekki verið gerður greinarmunur á „refsimálum og einkamálum“.<sup>38</sup> Með opinberum rétti er átt við lög sem

oc var eigi vel vid henni tékið, var þó Arni biskup þverastr. Þat fékk Magnús konungur ej at vita því hann deydi þat ár“. Jón Espólín, *Íslands Árbækur í söguformi I*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag 1821, bls. 6.

<sup>37</sup> Um þessi bréf sjá Láru Magnúsardóttur, *Bannfæring*, bls. 386–390. Sjá einnig t.d. DI II 221; DI II 227; DI II 232; DI II 234; DI II 231.

<sup>38</sup> Jakob Benediktsson, „Landnám og upphaf allsherjarríkis“, *Saga Íslands I*, ritstj. Sigurður Línal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, bls.155–196, hér bls. 184–185. Meginreglan var að mál voru sótt af einstaklingum sem höfðu borið skaða



skilgreina starf opinbers valds, samskipti manna við ríkið, réttarreglur þar að lútandi, sem og réttarstöðu almennings gagnvart því. Í þjóðveldinu hafði ekki verið neitt opinbert vald og Grágásarlögin höfðu því byggst á réttarreglum sem vörðuðu samskipti landsmanna sín á milli, það sem heitir *einkaréttur* á tungumáli lögfræðinnar. Í einkarétti eru réttarreglur um réttarstöðu manna innbyrðis og samskipti þeirra án þess að hið opinbera hafi hagsmuni eða aðkomu að þeim. Samkvæmt Grágás var markmið dóma um ágreiningsmál því að jafnaði ekki að greina afbrot, heldur að úrskurða um réttar *bætur* fyrir skaða sem einn olli öðrum. Aðilar þurftu sjálfir að innheimta bætur sem þeim voru dæmdar, sem leiddi af sér að hefnd var hluti kerfisins.<sup>39</sup> Þrátt fyrir að í Noregi væri konungsvald og konungur tæki sektir fyrir ýmis brot hafði réttarkerfið þar einnig verið byggt á einkaréttarlegum lögmálum.

Með samningum við kardínálann sem gerðir voru í Noregi árið 1247 var kirkju hins vegar veittur stofnanalegur réttur til dómvalds og þá voru lögð drög að veraldlegum refsirétti ríkisins þegar Hákon Hákonarson konungur bannaði hefnd árið 1260 með því að leggja útlegð við brotum sem ekki urðu leyst með bótum (óbótamál), og eignaði sér rétt til þess að veita útlögum *landsvist* ef þannig bar undir.<sup>40</sup> Þetta hafði konungvaldið lært af kirkjunni sem hafði reynt að beita bannfæringu með líkum hætti.<sup>41</sup> Eins og

---

og hvorki var gert ráð fyrir því að stofnanir gætu sótt opinber sakamál né beitt refsingum. Þetta var ekki alveg einhlítt því við nokkrum brotum lágu refsingar, fjörbaugsgarður og skóggangur, sem fólu í sér útskúfun úr samfélagi laganna en þar átti þó einnig við að framkvæmd var á hendi einstaklinga en ekki stofnunar. Undantekning frá þessu hafði einnig verið að biskup mátti sækja menn til saka fyrir brot á lögum um kristni, svo sem föstu- eða helgidagabrot, en til þess þurfti kerfið að reiða sig á að kæra bærst frá öðrum einstaklingum. Að þessu leyti var fyrirkomulag, líkt og í Noregi, Sverre Bagge, „Kirkens jurisdiksjon i kristenrettssaker“, bls. 137–138.

<sup>39</sup> William Ian Miller hefur lýst þessu réttarkerfi betur en nokkur annar í fjölmörgum ritum, svo sem *Bloodtaking and Peacemaking. Feud, Law, and Society in Saga Iceland*, Chicago og London: University of Chicago Press, 1990 og *Eye for an Eye*, Cambridge: Cambridge University Press, 2006.

<sup>40</sup> „Eldri Frostraþingslög“, Ngl. 1, bls. 122; Sverre Bagge: „Kirkens jurisdiksjon i kristenrettssaker“, bls. 152.

<sup>41</sup> Um rétt biskups til að reisa mál fyrir lagabreytingarnar á 13. öld, sjá Sverre Bagge, „Kirkens jurisdiksjon i kristenrettssaker“, bls. 139. Lögin um kristni byggðust á vilja og tilmælum biskupa og dómvald þeirra var viðurkennt, en það var samt ekki sjálfstætt, heldur bundið Alþingi. Framkvæmd bannsdóma, eins og málum var háttáð á 13. öld, hafði samt sem áður ekki átt stoð í lögum og því hafði gengið misvel að framfylgja þeim, sjá sama rit bls. 137 og 151.

áður var nefnt var samið um þær sektir sem kirkja skyldi eiga árið 1272 og það endurspegladist í þeirri skiptingu valds sem kemur fram í sættargerðinni frá 1273. Í sættargerðinni 1277 var svo orðalagsbreyting sem bætti við ákvæði um að konungur skyldi eiga óskaddaðan rétt í dómsmálum kirkju.<sup>42</sup> Um þetta virðist hafa verið deilt þegar Jónsbók var lögð fyrir Alþingi.

Í Jónsbók var Járnsíðukapítulinn um valddreifingu milli konungs og biskups tekinn upp orðrétt<sup>43</sup> en ekki er vitað hvernig upphaflegi texti Jónsbókar var að öllu leyti.<sup>44</sup> Árna saga varpar þó góðu ljósi á að í Jónsbók voru greinar um málefni sem biskup taldi að ættu að heyra undir kirkju og skyldi því hvorki getið í lögum konungs, né mætti hann sækja sök um þau. Árni biskup var alfarið á móti því að samþykktar yrðu þær greinar laganna sem stönguðust á við þau lög sem þegar höfðu verið sett um andlega hluti eða sættargerðina: „því að þar stendur í að biskup skal lögsegja en ei leikmenn yfir öllum sökum þeim sem heyra til heilagri kirkju prófa þær og dæma, og svo það að virðulegur Magnús kóngur gaf kirkjunni undan sér og sínum örfum og öllum eftirkomendum“ (80). Loðinn hélt einnig ræðu á Alþingi 1281 sem rakin er í sögunni og sagði meðal annars: „Þér töluðuð herra biskup að þér munduð fylgja bréfi Jóns erkibiskups, og sættarbréfi þeirra Magnúsar kónungs og nýjum kristinrétt, og að guðs lög skyldu ganga yfir lands lög, en því mun hvorugu af mér játað, og hvörgi kom ég þar lands né lagar að svo sé nokkurs kónungs erindi undir fótum troðinn [sic!] sem hér og þó mest af biskupunum“ (81–82).

Á þingsköpum hafði Loðinn þá skoðun að fyrst ættu menn að játa nýju lögbókinni en biðja síðan um breytingar á því sem þeir teldu að betur mætti fara (79). Í orðum hans fólst hótun um reiði konungs ef atkvæði féllu öðruvísi og átti Loðinn þar við að þeir sem andmæltu honum yrðu dæmdir til útlegðar fyrir landráð (83). Þrátt fyrir sundurþykki á þinginu 1281 fór

<sup>42</sup> Ljóst er að hagsmunir kirkju og konungs höfðu verið ræddir ýtarlega í samhengi við dómsvald kirkju þegar sættargerðin var í smíðum. Þannig má sjá mun á uppkastinu frá 1273 og því sem varð niðurstaðan árið 1277 varðandi hagsmuni konungs í dómsmálum kirkju. Árið 1273 segir í lok upptalningar á þeim málum sem kirkja fengi dómsvald yfir: „og öll önnur mál sem sem kirkjunni tilheyrja; samkvæmt almennum rétti á hvaða hátt sem er.“ Eigin þýðing, sbr.: *et omnes alie que ad forum ecclesiasticum possent de iure comuni quoquomodo spectare*, DI II 103. Í sættargerðinni 1277 var komin inn viðbót um rétt konungs: „að [kirkjunnar] rétti ósködduðum jafnan konungsins réttindum, í þeim málum hvarvetna þar sem af vel prófaðri venju eða landslögum á konungi að gjaldast fjársekt“, DI II 150.

<sup>43</sup> Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson, „Inngangur“, *Járnsíða og kristinréttur Árna Þorlákssonar*, bls. 18.

<sup>44</sup> Sigurður Línadal, „Hvers vegna var Staðarhólsbók skrifuð?“, bls. 291.

svo að Jónsbók var lögtekin að öllu leyti nema því sem handgengnir menn töldu að konungur og erkibiskup ættu að athuga nánar. Um samþykkt Jónsbókar segir:

Hafði öll alþýða þá lófatak um það utan [nú] menn þeir sem biskupi fylgdu og ei gengu til handa, þá er almúginn vægði fyrir valdi kóngsmanna. [...] Kallaði herra Loðinn alla þá landráðamenn, en Loft því frammar að hann sagði hann svarið hafa [tvo] eiða ósæra og bannaði honum að fara af þingi með biskupi, og kvað hann vera skyldi í valdi þeirra. Og er biskup vissi það bað hann Loft með sér fara og svo gjörði hann. (82)

Loðinn stefndi þeim utan sem ekki höfðu játað lögbókinni sem landráðamönnum, að Lofti undanskildum, sem hann vildi láta handtaka og „reka nauðugan á skip“ nema önnur fyrirmæli bærust. Í utanstefnu fólst að konungur skyldi dæma um mál níumeninganna.

#### *Samningaviðræður*

Skömmu eftir þinghald bauð Loðinn leppur fjölmenni til veislu eða fundar á Eyrasandi þar sem hann dvaldi. Samkvæmt Árna sögu skiptust málsaðilar þar í þrennt: 1) Kirkju og þá sem fylgdu henni að málum, 2) bændur og 3) þá sem handgengnir voru konungi (76).

Þangað hafði einnig verið stefnt níumeningunum útlægu og fannst lausn á þeirra málum:

handfestu [4] af þeim utanferð sína, en allir aðrir dóm á máli sínu, og svörðu eiða að veita kónginum fullkomlega hlýðni þaðan frá eftir rétttri skyldu. Gáfust þá upp að þeir skyldu ei allir utan fara að herra Loðinn lét þá og sannast að hann hefði ofbráðlega talað (84).

Þetta má skilja svo að þegar Loðinn sá hve auðmjúkir mennirnir reyndust hafi hann hætt við utanstefnuna, enda getur Árna saga þess ekki að nokkur þeirra hafi farið úr landi.

Á fundinum lagði Árni biskup fram tillögu að málamiðlun um þá hluti sem vörðuðu dómsvald kirkju og skiptingu sakeyris þegar dæmt var um heiðni eða villu og sjálfsvíg:

Var þá gjör að bæn biskups miðlan á milli biskups og kóngs um sakeyrir á þeim málum sem heyrði til heiðni eður villu, svo og ef menn tapaði sér sjálfum að minna félli undan erfingjum en bók segir. (84)

Málið hlýtur að hafa snúist um bannsetningu og tillaga Árna um miðlan verið til þess fallin að leysa þann hnút sem var milli konungs- og kirkjuvalds.

Þegar kirkjulög voru brotin með svo alvarlegum hætti að brotamaðurinn taldist hafa afneitað kirkju taldist hann sekur um villu og var bannsettur.<sup>45</sup> Villusakir heyrðu ekki aðeins undir kirkju því að bæði í Járnsíðu og Jónsbók var heiðni talin til niðingsverka sem varðaði útlegð úr löndum konungs, eins og sést til dæmis í Mannhelgisbálki: „Menn þeir er láta líf sitt fyrir þýfsku eða útilegu, hvort er heldur ræna á skipum eða landi, og svo fyrir morð, fordæðuskap og spáfarar allar og útisetur að vekja tröll upp og fremja heiðni“.<sup>46</sup> Útlegðardómur var afleiðing bannsetningar eins og Sverre Bagge hefur bent á og hagur kirkjuvalds var því ekki að konungur héldi sig að öllu leyti frá kristinréttarbrotum, heldur lá styrkur kirkjunnar þvert á móti í stuðningi konungvalds við dómsvald hennar.<sup>47</sup> Í tillögu Árna biskups um samkomulag hlýtur því að hafa verið gert ráð fyrir hagsmunum beggja stofnana og að jafnframt yrði fylgt bæði lögum og fyrirkomulaginu sem sættargerðin sagði til um.

Um sum mál sem biskup sótti samdist ekki á Eyrasandi, en nægilega margar málamiðlanir voru gerðar til þess að allir fóru fegnir af fundi og biskup og Loðinn voru „kallaðir sáttir“ (85). Þegar Loðinn fór aftur á fund konungs var verkefni hans að leggja fram gögn um þau atriði lögbókarinnar sem höfðu verið tekin fyrir á fundinum, þar á meðal samningstillögur Árna um sakeyri á málum villu og heiðni, sem biskup hefur að sjálfsögðu gert sér vonir um að gengið yrði að.

Veturinn 1281–1282 kom æ betur í ljós að „forráðsmenn ríkisins, þeir sem ráð kóngsins voru kallaðir, vildu að litlu hafa þær skipanir, sem [...] Magnús kóngur, og Jón erkibiskup höfðu skipað með sönnum röksemd-

<sup>45</sup> Það gat einnig átt við um leikmenn sem neituðu að skila kirknaeignum, sjá t.d. um bréf Jörundar erkibiskupsefnis um að þeir megi bannsetjast sem taka kirknaeignir og vilja ekki skila. En þeir sem geri það ekki séu fallnir í bann af sjálfu verkinu í bann og eru þeir „villumenn“. *Árna saga*, bls. 163. Bréf Jörundar erkibiskupsefnis frá 1288: DI II 267–268.

<sup>46</sup> Skáletrun mín. Mannhelgibálkur Járnsíðu, kap. 6, bls. 76. Sjá einnig Mannhelgibálg Jónsbókar, bls. 103.

<sup>47</sup> Sverre Bagge, „Kirkens jurisdiksjon i kristenrettssaker“, bls. 141, 150 og 143.

um“ (86). Þótt Íslendingar hefðu engin tök á að fylgjast með því sem gerðist í Noregi hörðnuðu deilur einnig á Íslandi (87). „Að liðnum þessum vetri vóx af nýju óþykkja, millum biskups og Ásgríms einkanlega um mál Lofts“, segir í Árna sögu (91). Herra Ásgrímur Þorsteinsson var handgenginn konungi og mágur Lofts ráðsmanns í Skálholti. Hann vildi taka skatt af heimamönnum Skálholts en Árni biskup bannaði það með þeim rökum að honum þætti „ótrúlegt“ að það væri vilji konungs, enda væri Hólastaður „frelsaður“ frá slíku (87). Þessi ágreiningur snerist um það hvort leikmenn sem störfuðu í þágu kirkju skyldu undanþegnir skatti eins og kirkjurnar og hvort kóngur eða kirkja hefði ákvörðunarvald þar um.

Um sumarið 1282, að því er virðist, barst svo óvænt frétt af því að bréf hefði komið um utanstefnu Lofts til konungs og var hann þar kallaður landráðamaður (88). Átti að taka hann höndum og reka í skip ef hann vildi ekki fara. Þegar tekið er tillit til þess að fregnir bárust með skipum til Íslands að vori og fóru frá landinu að hausti virðist sem Loðinn hafi borið til konungs kæru á hendur Lofti eftir að samið var um sakirnar á Eyrasandsfundinum, en að utanstefnan hafi ekki komið til vegna ágreinings Lofts við Ásgrím þá um veturinn.

Um þessar mundir voru lög um kirkjugrið að taka á sig mynd en utanstefnubréfinu fylgdi bann við því að skotið yrði skjólshúsi yfir Loft í kirkjum nema í Skálholti (88).<sup>48</sup> Hann leitaði engu að síður athvarfs í Katrínarkirkju og svaf þar um hríð og tókst að koma sér undan handtöku (88–89). Ásgrímur stefndi Lofti til þings en Loftur kom sér einnig undan því (92). Á móti bannfærði biskup Ásgrím fyrir að neita að endurgreiða þann skatt sem honum hafði tekist að innheimta af heimamönnum í Skálholti. Í stefnu biskups til Ásgríms voru fleiri sakargiftir, svo að Ásgrímur „hélt fram kóngs bréfi um [...] lögsögn yfir kristnum rétti, og að ei gangi guðslög yfir lands lög“ (91–92). Líkaði Ásgrími þetta illa og hafði hann á héraðsfundum með bændum lýst „landráða sök á Loft, og taldi kóngi alla peninga hans. Hörð orð fóru og frá honum, til þeirra manna, sem í mót bók höfðu mælt og að þeir væru allir utan stefndir“ (89). Stóð því bann biskups yfir embættismanni konungs gegn útleigðarsókn á móti embættismanni kirkju. Þótt Ásgrímur hafi stefnt öllum þeim utan á héraðsfundum sem höfðu mælt gegn samþykki Jónsbókar er svo að sjá að

<sup>48</sup> Sjá t.d.: „Svo er og staðfest að alla þá vandræðamenn sem komast á kirkjunáðir skal sektalaust flytja til Noregs og koma þeim þar í kirkju eftir lögmanns ráði og sýslumanns, utan þá sem kirkja á eigi að halda eftir lögum“, *Jónsbók*, Mannhelgi, kap. 18, bls. 112.

Lofti hafi einum níumenninganna verið stefnt fyrir konung í raun. Það var undir þessum kringumstæðum sem hann hélt af stað til Björgvinjar í lok sumars 1282.

En vegna þess að Loftur hafði komið sér undan þingi hafði honum ekki verið stefnt formlega utan. Hélt hann því ekki utan sem landráðamaður heldur til þess að beiðast úrskurðar konungs um hvort „honum sýndist hann í nokkru brotlegur orðinn. Herra biskup ritaði og með honum til herra Eiríks kóngs“ (92). Svar konungs við þessu yrði í raun jafnframt svar við uppástungu Árna um miðlun mála frá Eystrasandsfundinum.

### *III Stjórn málaástandið 1282*

Árna biskupi virðist hafa dottið í hug að fara einnig til Björgvinjar með Lofti, að minnsta kosti átti Loftur að koma þeim skilaboðum á framfæri „að ferð [biskups] dvaldist sakir tilfellis, en ei af illvilja við kóng“ (92). Lét biskup sér nægja að skrifa konungi bréf og senda með Lofti. Hafa þeir ætlað að með því yrði hægt að leiða til lykta mál níumenninganna allra. Þar misreiknuðu þeir sig allhrapallega og varð úr hin mesta sneypuför enda hafði óvildarmönnum kirkjuvalds í Noregi heldur betur hlaupið kapp í kinn. Norskir biskupar höfðu verið lýstir útlægir ásamt erkibiskupi, sem hafði farið frá Björgvin í júní 1282 og var hrakinn af landi brott í september. Jafnhliða afturkallaði ríkisráðið leyfi sem kirkju hafði verið veitt til myntsláttu í sættargerðinni 1277 og þá hófst af fullum þunga stríð leikmanna gegn kirkjuvaldi með fulltingi konungs.<sup>49</sup>

Fréttir af þessu höfðu ekki borist til Íslands og þegar Loftur kom til Björgvinjar haustið 1282 var flest öðruvísi en þeir biskup höfðu búist við. Við konung fékk Loftur ekki að tala annað en að „heilsa á hann“, en „stóð undir heitum og illyrðum“ hirðmanna (92–93). Loftur kom bréfinu frá biskupi ekki í hendur konungs fyrr en í október og þá ekki í kóngsgarði því að þar var honum bannaður aðgangur, heldur á Jónsvöllum (92), sem var landareign Jónsklausturs.<sup>50</sup> Með töfinni og viðtöku bréfsins utan kóngsgarðs sýndi konungur í verki að hann liti ekki svo á að kirkjuvald hefði formlega stöðu í ríkinu og Loftur naut að sjálfsögðu einskis tilstyrks frá klerkunum burtræku.

<sup>49</sup> Svein H. Gullbekk, *Pengevesenets fremvekst og falli i Norge i middelalderen*, Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Forlag, 2009, bls. 117.

<sup>50</sup> Stine Arctander Kristensen, „A Medieval Town“, bls. 38. Þar er vitnað til Knut Helle, *Bergen bys historie I. Kongssete og kjøpstad: Fra opphavet til 1536*, Oslo: Universitetsforlaget, 1982, bls. 290.

Á Íslandi var deilt áfram eftir að Loftur hélt af landi brott en fregnir bárust ekki hingað frá Noregi fyrr en vorið 1283 og hljóta þá að hafa verið fluttar ýmist undir formerkjum þeirra sem studdu eða voru andsnúnir þeirri þróun sem hafði átt sér stað ytra. Árni fékk bréf frá Lofti þar sem sagði:

Það vil ég að þér vitið að yðar mál er mjög af flutt í Noregi. Voru mér sýnd bréf þau er rituð voru af Íslandi til míns herra með herra Erlendi, og má vera þeir þykist ritað hafa nær sönnu, en yður þyki heldur frekt. Voru þau og svo harðlega tekin að þið biskuparnir voruð nær kallaðir landráðamenn, og mest fyrir þann hlut er þér stóðuð mót herra Loðni á þingi. (93)

Hér vísar Loftur í bréf sem íslenskir andstæðingar kirkjuvalds höfðu skrifað konungi árinu fyrr og sent í konungsgarð með Erlendi Ólafssyni sterka lögmanni sem hlýtur að hafa haldið utan um líkt leyti og Loftur síðsumars 1282. Þetta undirstrikar muninn á stöðu pólitísku fylkinganna heima á Íslandi gagnvart konungi. Öfugt við Loft fékk Erlendur ekki aðeins inni hjá konungi og gat komið bréfum sínum áfram, heldur var hann einnig virkur þátttakandi í burtrekstri erkibiskups frá Björgvin.<sup>51</sup>

Með bréfi Lofts fékk Árni biskup einnig bréf frá konungi og drottningu sem „vottaði þá skipan er gjör var til Íslands“ (93). Þar kom fram að á Íslandi yrði málstaður kirkju virtur að vettugi því að vilji konungs var að horfið skyldi til þeirra háttá sem höfðu verið áður en kristinrétturinn var lögtekinn. Gömlu löginn um kirkju skyldu aftur í gildi og skila ætti kirkjustöðum aftur til leikmanna (94). Um leið varð ljóst að samningurinn sem Árni og Loðinn höfðu lagt drög að á Eyrasandi var að engu hafður.

Víkur þá sögunni að jarðarför hins bannfærða Andrésar Pálssonar sem Loftur gerði að umtalsefni í sendibréfi sínu til biskups. Hann segir þar frá því að Bjarni kanslari hafi brotið stöpulinn á Postulakirkjunni í Björgvin til þess að hringja á móti líkinu þar sem útförin fór fram í trássi við kirkjulög (93–94).<sup>52</sup> Andrés þessi bar viðurnefnið plyttur eða plukkur og var norskur stórhöfðingi sem var handgenginn Eiríki konungi, rétt eins og Bjarni kanslari Erlendsson, kenndur við Giska. Þeir voru einhverjir auðugustu menn Noregs í sinni tíð, Bjarni var í forsvari fyrir ríksráðinu og báðir voru meðal forystumanna höfðingja í deilunum við kirkjuvaldið. Báðir höfðu

<sup>51</sup> Í Árna sögu segir að Erlendur Ólafsson lögmaður hafi verið leystur úr tvennu banni 1289; fyrir þátt sinn í staðamálum og burtrekstri erkibiskups (179–180).

<sup>52</sup> Einnig í DÍ II 239–240.

verið bannfærðir af erkibiskupi 1280 eða 1281.<sup>53</sup> Þeir stóðu því *utan kirkju* sem þýddi að þegar Andrés lést var óheimilt að veita honum kirkjulega útför og leggja í vígða mold.<sup>54</sup> Það átti þó aðeins við að því tilskildu að bannsetningin væri lögleg. Útför Andrésar í Postulakirkjunni virðist hafa verið opinber yfirlýsing höfðingja um að þeir hefðu bannsetningar kirkjunnar að engu. Með henni var komið á framfæri skilaboðum um að kirkja hefði ekki afl til að framfylgja dómsvaldinu sem hún taldi sig eiga; í raun sögðu höfðingjarnir með þessu að bannfæring Andrésar sem fallið hafði samkvæmt nýju kirkjulögnum væri ógild, enda væru löggin það einnig.

Í beinu framhaldi af lýsingu á jarðarförinni segir í bréfi Lofts að konungur hefði stefnt prestum til sín og sett þeim afarkosti; annað hvort viðurkenndu menn að nýju löggin væru ógild og fylgdu gömlu lögnum eða yrðu gerðir útlægir úr löndum hans (94). Loftur spáði að ríkisráðið myndi láta hið sama ganga yfir Ísland og hvatti Árna biskup til að beygja sig fyrir konungsvaldinu (94). Það hallaði því sannarlega á kirkjuvaldið veturinn 1282–1283.

### *Hólabiskup og alþjóðlegt sambengi*

Loftur ritaði Árna annað bréf sem virðist hafa borist til Skálholtsbiskups á sama tíma. Þar segir hann frá því að Jörundur Hólabiskup, sem einnig var staddur í Björgvin þennan vetur, hafi brugðist vel við skipun konungs um að taka aftur upp gömlu kirkjulöggin og hafist handa við að skila kirknaeignum til leikmanna. Brá Árna í brún við þær fréttir (94–95).

Hlutverk Árna í framgangi stjórnskipunarbreytinganna hafði á undan-gengnum árum verið langt umfram það sem Hólabiskup lék og kemur það hvað skýrast fram í því að lögbók kirkjunnar á Íslandi frá 1275 sem oft er nefnd kristinréttur hinn nýi, er einnig kennd við hann og þá kölluð kristinréttur Árna. Það að Jörundur léti undan konungsvaldi þýddi að Árni stæði einn íslenskra og norskra biskupa eftir í baráttunni við veraldarhöfðingjana.

<sup>53</sup> *Regesta Norvegica*, bréf nr. 286. Í registri Fornbréfasafns er Andrés sagður hafa látist 1281, DI II 880. Dánarár hans er þó á reiki og ýmist talið 1280, 1281 eða jafnvel síðar. Árna saga kann að vera skásta heimildin um hvenær dauða hans bara að, en fyrir því liggja ekki heimildir aðrar en að ljóst er að hann er fallinn frá skömmu eftir þennan tíma, en réttað var um sakir Bjarna af Giska að honum fjarverandi árið 1291, *Diplomatarium Norvegicum* III, bréf 30, bls. 29, sótt 5. apríl 2018 af *Dokumentasjonsprosjektet*, <http://www.dokpro.uio.no/>. Útdráttur úr bréfinu í DI II bls. 278.

<sup>54</sup> Um orð og orðasambönd sem höfð voru um bannfæringu, sjá Lára Magnúsardóttur, *Bannfæring*, bls. 44–48.



Eins og fram hefur komið var ætlan höfðingja að halda sem sterkastrí stöðu í nýrri stjórnskipan og aðferðin var að hindra að nýju kirkjulögin festust í sessi með því að endurvekja gildi gamals kristinréttar. Samkvæmt Árna sögu skrifaði Loftur biskupi að konungur vildi að á öllu Íslandi skyldi vera sá kristinréttur „sem stóð um daga Hákonar kóngs og Sigurðar erkibiskups“ (94). Því er ekki víst að meining konungs hafi verið sú að Kristinna laga þáttur Grágásar yrði áfram við lýði á Íslandi og eins víst er að hann hafi átt við norsk lög. Flest bendir til þess að leikmenn hafi ekki velt slíkum atriðum fyrir sér í smáatriðum og að þeir hafi ekki lagt fram skýrar hugmyndir um það hvernig lög um kirkju og kristni væru réttast og best. Deilurnar snerust þess vegna annars vegar um grundvallaratriði stjórnskipunar og hins vegar um hagsmuni tiltekins þjóðfélagshóps.<sup>55</sup> Árni Skálholtsbiskup færði hins vegar rök fyrir því á Alþingi 1284 að íslenskir leikmenn fylgdu alls ekki gömlum lögum og færu með framkomu sinni í raun gegn rétttri skipan hvernig sem á málin væri litið (105 o.áfr).

Íslenski og norski kristinrétturinn vörðuðu hins vegar einnig alþjóðlega samninga, almennu kirkjuna og páfa eftir að konungur hafði afsalað sér tilkalli til valds yfir andlegum hlutum í sættargerðinni 1277. Íslenski kristinrétturinn stóð þess vegna í reynd bæði utan valdsviðs norska konungsins og Íslendinga og tilraunir til að breyta því voru atлага að almennu kirkjunni. Ekki leið heldur á löngu þar til páfa bárust tíðindi af samningsbroti konungs, útleið biskupanna og eignaupptöku. Árið 1285 ritaði páfi Noregskonungi bréf þar sem hann talaði meðal annars um bannfæringu þeirra sem vanvirtu lög kirkjunnar. Hann fór hörðum orðum um útför Andrésar og minnti konung á ábyrgð hans á því máli. Um ráðgjafa konungs sem höfðu unnið að því að afnema þann rétt sem kirkja öðlaðist með sættargerðinni 1277 segir í norrænni þýðingu á páfabréfinu: „Erkibiskup boðaði og einkanlega tvo af þessum verndarmönnum þínum í banni vera, annan Bjarna af Giska og þann er kallaður er Andrés plukkur.“<sup>56</sup> Svo segir:

Og þá er þessi Andrés plukkur, er fyrr gátum vér, andaðist í því banni, þá tóku aðrir verndarmenn, geymslumenn og ráðgjafar þínir hans líkama og létu grafinn verða í Björgvin í sjálfs þíns kapellu. Nú

<sup>55</sup> Um vangaveltur fræðimanna um það hvort deilurnar hafi komið til af því að klerkar og leikmenn hafi „ekki talað sama tungumál og varla skilið hvorir aðra eftir setningu kristinréttarins“ eða af öðrum ástæðum, sjá Láru Magnúsardóttur, *Bannfæring*, bls. 373–374.

<sup>56</sup> DI II 254.

eigi því síður, þá minnti erkibiskup á vendilega, svo þig sem þína ráðsmenn, að þér allir samt létið niður falla þess háttar þvingan og þrengingar til heilagra kirkna. Hann bað yður aftur gjalda kirkjum og þeirra persónum það sem þær höfðu áður fyri misst. Lög og siðvenjur, skipanir þær sem þér höfðuð innleitt og víða dirfdust móti kirkjunnar frelsi, bað hann yður vendilega af skafa yðrum bókum og bréfum. Eður að minnsta lagi að þér vottið opinberlega að þér viljið slíka hluti ei síðan frammi hafa við kirkjurnar, eður á þeirra umboðsmenn.<sup>57</sup>

Þegar allt kom til alls stóð deilan um stöðu kirkjunnar innan ríkisins ekki við embættismenn hennar heima fyrir heldur við almennu kirkjuna og páfa sem konungur hafði samið við.

Því má segja að það hafi þá þegar verið orðið of seint fyrir höfðingja að berjast gegn kristinréttinum eftir 1277; kirkjan var þá orðin frjáls og sjálfstæð samkvæmt ýtarlegum samningi konungs við Rómakirkju. Lög innlendar kirkju tóku aðeins mið af almennu kirkjulögum og leikmenn höfðu enga aðkomu að þeim. Biskup hafði raunar ekki slíkt vald heldur, því að hann var aðeins embættismaður almennu kirkjunnar og starf hans var að framfylgja lögum hennar en ekki að setja þau. Þetta orðaði Árni biskup svo: „að páfinn sá sem situr í guðs sæti segir klerkum öll kirkna forráð, og honum á öll kristni með réttu að hlýða. Og þó ég vildi kirknavald undir leikmenn gefa, átti það með öngvum kosti að haldast þótt gefið sé“ (110).

Þess vegna hafði Hrafn Oddson lögmaður rangt fyrir sér þegar hann sagði á þinginu 1284: „Svo vitum vér og að engi á voru landi á lögum að ráða utan kóngur“ (108–109). Þetta átti aðeins við um veraldleg lög – páfi réði andlegum lögum.

### *Niðurlag*

Árið 1280 var búið að semja um nýja stjórnskipan í norska ríkinu og lög-gjöf var langt komin, meðal annars hafði verið settur nýr kristinréttur fyrir Ísland árið 1275. Þá tók konungsvaldið skyndilegum sinnaskiptum og hóf tilraunir til þess að snúa þróuninni við í þágu höfðingjanna og á kostnað kirkjunnar. Á Íslandi kom þessi breyting í ljós þegar Jónsbók var borin upp á Alþingi 1281 með ákvæðum sem stóðu gegn kristinréttinum. Við þessar aðstæður risu staðamálin hæst en ágreiningurinn var í raun djúpstæðari

<sup>57</sup> DI II 254.

Því að tekist var á um skipan valdastofnana innan ríkisins, ekki síst skiptingu dómsvalds, sem og almenna löggjöf. Frásögn Árna sögu af samningafundinum á Eyrasandi eftir þinghaldið 1281 og af ferð Lofts Helgasonar til Björgvinjar og pólitísku ástandi þar veturinn 1282–1283 sýnir hvernig ágreiningurinn birtist á mörgum sviðum. Atburðir eins og deilur Ásgríms og Lofts, undankoma hins síðarnefnda frá utanstefnu, samningafundurinn á Eyrasandi, synjun konungs um að taka á móti Lofti með bréf biskups og kirkjulega útför hins bannfærða Andrésar voru aðeins litlir blossom í langvinnri stjórnmaláþróun sem markaði ekki aðeins stórbrotnar breytingar á Íslandi og í Noregi, heldur í allri álfunni. Af því að veraldarvaldið hér í norðurálfu bast Rómakirkju formlegum böndum eru þessi atvik einnig hluti hennar sögu. Heimildir um þessa sögu eru miklar og flestar í formi pólitískra samninga, löggjafar og skjala um einstök málaferli, auk lærdómsrita. Meðal þeirra stendur Árna saga stök og veitir einstaka innsýn í menn og málefni sem varla er til að dreifa annars staðar. Þótt hún dragi sannarlega taum kirkjunnar er hvergi dregin fjöður yfir andstöðu við málstað Árna biskups og lýsingarnar sem í henni eru minna sagnfræðinga nauðuga eða viljuga á þann mannlegan veruleika sem leynist á bakvið þær formlegu heimildir sem urðu til við starfsemi stofnana.

Þó er langt frá því að Árna saga segi alla söguna um framvindu stjórnskipunarbreytinganna á síðari hluta 13. aldar, því að árin eftir valdatöku Eiríks konungs árið 1280 voru óvenjulegur tími. Fyrir embættistíð hans var afstaða konungsvalds önnur og hún átti enn eftir að breytast. Þótt átök hörðnuðu eftir að konungur lýsti ógildingu kristinréttarins versnaði staða kirkju þó aðeins tímabundið. Lík Jóns erkibiskups var flutt og grafið í Niðarósi árið 1283, og sneypa Lofts varð ekki langvarandi því ferð hans fékk farsælan endi þótt seint væri. Hann náði konungsfundi veturinn 1285 og fékk heimfararleyfi ári síðar (116–117). Langan tíma tók að fá nýjan erkibiskup skipaðan og kemur skýrt fram í Árna sögu hve mjög sú óvissa hafði áhrif á framgang mála. Árið 1288 var Jörundur orðinn erkibiskups-efni páfa, árið 1290 tók kirkjustofnunin til starfa á ný og sat Jörundur til ársins 1309.<sup>58</sup> Jörundur Hólabiskup reyndist ekki hafa snúið baki við kirkjunni þegar allt kom til alls (95) og um síðir náðist samkomulag um staðamálin með sættargerðinni í Ögvaldsnesi 1297.<sup>59</sup> Magnús Stefánsson sýndi fram á að í henni hefði fyrst og fremst falist túlkun á texta sættar-

<sup>58</sup> Fyrsta statúta Jörundar erkibiskups er frá árinu 1290, DI II 275–278.

<sup>59</sup> DI II 323–325.

gerðarinnar í Túnsbergi<sup>60</sup> og niðurstaða staðamála var blandað kerfi þar sem kirkja réði flestum kirkjum en einkakirkjur hurfu ekki.

Þannig leystust mál þótt deilurnar hafi verið langvinnar og náð langt yfir líftíma einstakra manna. Að fáum áratugum liðnum sést að konungsvaldið efaðist ekki lengur um gildi kirkjuréttarins. Í bréfum konungs frá 1350 og 1354 kemur skýrt fram að hann teldi það landráð að virða ekki frelsi kirkju og óhlýðnast kirkjurétti og biskupi.<sup>61</sup> Heimildir sýna afdráttarlausu að sættargerðin frá 1277 var undirstaða stjórnskipunarinnar til langframa; árið 1458 staðfesti konungur til dæmis gildi „composicio milli kirkjunnar og krúnunnar“ í ríkinu.<sup>62</sup>

Í því samhengi sem þetta er ritað má draga fram almenn atriði sem hafa sagnfræðilega þýðingu. Eitt er að deilur á síðari hluta 13. aldar stóðu ekki einfaldlega milli konungsvalds og kirkjuvalds og þess vegna var niðurstaðan heldur ekki sigur eða tap annars hvors þeirra. Miklu nær er að líta svo á að sá „hvassi hvirfilvindur“ sem Árna saga segir að hafi lostið hjörtu Norðmanna og Íslendinga á árunum eftir 1280 hafi verið birtingarmynd tilrauna veraldarhöfðingja til að verja rétt sinn sem hafi síðan gengið yfir að mestu þegar sættir höfðu náðst í Ögvaldsnesi 1297.

Þar með er sannarlega ekki sagt að allt hafi verið óumdeilt, en frá 14. öld og fram undir miðja 16. öld var sættargerðin í Túnsbergi frá 1277 samt sem áður undirstaða stjórnskipunar í landinu. Kirkjan hélt utan um hluta ríkisvaldsins með sinn kristinrétt, rétt eins og konungur fór með sinn hluta valdsins með Jónsbók. Sættargerðin var svo afnumin við siðaskipti þegar konungur rauf samband sitt við Rómakirkju og um leið féll kristinréttur Árna úr gildi. Þaðan í frá var hann ekki nýr heldur þvert á móti tákn gamla fyrirkomulagsins.

<sup>60</sup> Magnús Stefánsson, „Frá goðakirkju til biskupakirkju“, bls. 223–226. Ýtarleg skilgreining á hugtakinu *staður* er í rannsókn Magnúsar Stefánssonar, *Staðir og staðamál*.

<sup>61</sup> DI III 98–99; DI II 857–858.

<sup>62</sup> DI V 158–159. Sjá einnig Eldbjörg Haug, „Konkordat, – konflikt – privilegium: Sættargjerdin som indikator på forholdet stat-kirke fra Magnus Lagbøter til Christian I (1273–1458)“, *Ecclesia Nidrosiensis 1153–1537: Søkelys på Nidaroskirkens og Nidarsprovinsens historie*, ritstj. Steinar Imsen, Þrándheimi: Tápír forlag, 2003, bls. 83–120.

## ÚTDRÁTTUR

## Loftur Helgason fer til Björgvinjar

Atvikalýsing í samhengi við sögu stjórnskipunarbreytinga  
á síðari hluta 13. aldar

Í greininni er frásögn Árna sögu af ferð Lofts Helgasonar til Björgvinjar árið 1282 og dvöl hans þar um veturinn greind í samhengi við formlegar heimildir um stjórnskipunar- og lagabreytingar síðari hluta 13. aldar. Þessar breytingar miðuðu að því að innleiða bæði konungsvald og kirkjuvald hérlendis og mörkuðu raunar breytingar í Noregsríki öllu. Loftur var ráðsmaður í Skálholti og sagan af honum var hluti af langvinnnum deilum um stöðu höfðingja gagnvart hinu nýja kirkjuvaldi og andstöðu við innleiðingu þess. Sýnt er að skýra má það pólitíska uppnám sem Árna saga lýsir í Björgvin veturinn 1282–1283 ef greint er á milli breytinga á stjórnskipan annars vegar og löggjafar hins vegar og ef jafnframt er gengið út frá því að konungarnir Hákon Hákonarson og Magnús sonur hans hafi fylgt markvissri stefnu um að kirkja yrði sjálfstæður aðili að stjórnskipan ríkisins allt frá árinu 1247 og fram að andláti hins síðarnefnda árið 1280. Þegar aðgreiningunni er haldið til haga sést að Íslendingar höfðu undirbúið breytingar á stjórnskipan með fyrirheitum um innleiðingu kirkjuvalds frá árinu 1253 og konungsvalds frá 1262, en deilurnar í báðum löndum á áttunda áratugnum hverfðust hins vegar um hagsmunaaðrekstra sem hlutust af lögum sem fylgdu í kjölfar stjórnskipunarbreytinganna. Í Árna sögu er sagt frá því og hvernig þær deilur lýstu sér, en einnig að eðli þeirra breyttist við valdatöku Eiríks konungs árið 1280 af því að hann mótaði konungsvaldinu nýja stefnu sem beindist gegn kirkjuvaldi. Burtrekstur erkibiskups úr Noregi og kristileg útför bannfærðs höfðingja eru birtingarmyndir stjórn málaástands sem gat ekki varað, enda hafði konungur ekki lengur löggjafarvald yfir kristilegum efnun, því að hann var þá þegar búinn að afsala sér tilkalli til valds yfir andlegum hlutum til páfans í Róm með sættargerðinni í Túnsbergi árið 1277.

*Lykilorð:* Árna saga, lög, stjórnskipan, 13. öld, kirkjuvald, konungsvald, höfðingjar

ABSTRACT

**Loftur Helgason goes to Bergen**

**A Description of Incidents in the Context of Constitutional Change  
in the Late 13th Century**

The article recounts the account from the *Árna saga* about Loftur Helgason's trip to Bergen in 1282 and his stay there over winter, explained in terms of the formal sources about the organization of the government and changes in the law in the latter half of the 13th century. These changes were aimed at introducing into Iceland the power of both the King and the Church and in fact marked the actual changes throughout the Norwegian state. Loftur was Skálholt's official and the story about him was part of a long-standing dispute about the position of the chieftains versus the new power of the Church and the opposition to its introduction. The article defines the political confusion described in the *Árna saga* in Bergen in the winter of 1282–1283 as, on the one hand, changes in the constitution and, on the other hand, legislation, and at the same time whether the Kings Hákon Hákonarson and his son Magnús had systematically pursued a policy of having the Church be an independent party to the government of the state from 1247 onward until the death of the latter in 1280. When the disagreement is looked at as continuing, it is seen that Icelanders had made preparations for changes in the constitution with assurances of introduction of the power of the Church beginning in 1253 and the power of the King from 1262, but, on the other hand, the disagreements in both countries disappeared in the 1270s in the face of the conflict of interests that resulted from the laws that followed in the wake of the constitutional changes. *Árna saga* tells of this and how the disputes were described, but also that their nature changed as King Erikur came to power in 1280, as he gave the power of the King a new policy that was aimed against the power of the Church. Ousting of the archbishop from Norway and the Christian funerals of the excommunicated chieftains are examples of the conditions of government that could not have been, if the King had no longer had executive power over Christian concerns, as he had already conceded power over spiritual issues to the Pope in Rome with the Settlement at Túsberg in 1277.

*Keywords:* *Árna saga*, law, constitution, 13th century, church power, royal power, chieftains